



Sveitarfélagið
ÁRBORG

Abm. Þorsteinn Hjartarson

Apríl 2016

FRÉTTABRÉF FRÆDSLUSVIÐS ÁRBORGAR



Orðaskil—málproskapróf

Á haustmánuðum 2015 var tekin sú ákvörðun, á samstarfsfundi starfsfólks skólaþjónustu og leikskólustjóra, að á árinu 2016 yrði skimunartækjum í leikskólum Árborgar fjölgað með því að taka í notkun málproskaprófið Orðaskil. Höfundur þess er Elín Þóll Þórðardóttir, talmeinafræðingur. Prófið byggir á orðaforðagátlista fyrir börn á aldrinum eins og háls til þriggja ára. Prófinu er ætlað að mæla orðaforða barna svo og hvort þau hafa náð valdi á beygingarkerfi og setningagerð. Skólar og skólaþjónusta í Árborg leggja áherslu á snemmtækt mat á stöðu barna með aukinni notkun skimunartækja í leik- og grunnskólum og skipuleggja sem fyrst viðeigandi þjálfun og kennslu út frá niðurstöðum skimunarprófa. Þegar er byrjað að leggja Orðaskil fyrir og áætlað er að það verði gert einu sinni á leikskólagöngu barns á bilinu 2,9 ára til 3,0 ára. Ef barn mælist einu staðalfráviki eða meira frá meðaltali í orðaforða eða setningagerð jafnaldra er veitt viðeigandi íhlutun. Farið verður yfir niðurstöður í foreldravíðtölum.

SÉRDEILD SUÐURLANDS FÉKK MENNTAVERÐLAUN SUÐURLANDS 2015

Fimmtudaginn 14. janúar 2016 var haldinn hátíðarfundur Vísinda- og rannsóknarsjóðs Suðurlands í sal Fjölbrotaskóla Suðurlands. Þar voru m.a. veitt menntaverðlaun Suðurlands sem SASS stendur fyrir. Gunnar Þorgeirsson, formaður SASS, flutti ávarp og forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson, afhenti Kristínu Björk Jóhannsdóttur, deildarstjóra, verðlaunin. Kristín ávarpaði því næst samkomuna og þakkarorð hennar fengu góðar viðtökur.



Sérdeild Suðurlands (Setrið) hefur á undanförunum árum verið að efla starf sitt verulega en það snýr m.a. að því að veita nemendum með sérþarfir, fjölbreytt nám í hvetjandi námsumhverfi sem tekur mið af þörfum þeirra og stöðu í samvinnu við heimaskóla. Áhersla er lögð á að nemendur geti þroskað persónuleika sinn, hæfileika og sköpunargáfu, einnig andlega og líkamlega

og verið félagslega virkir þátttakendur í skóla-samfélaginu. Almenn ánægja er með starf deildarinnar og telja margir að það sé með því besta sem þekkist hér á landi. Sérdeild Suðurlands hefur fengið margar heimsóknir fagfólks á undanförunum árum sem hefur kynnt sér starfið. Deildin veitir jafnframt starfsfólki skóla og foreldrum á Suðurlandi og

og víðar á landinu kennslu-fræðilega ráðgjöf vegna nemenda með sérþarfir sem stunda nám í sínum heimaskólum. Sérdeild Suðurlands hefur á undanförunum árum verið með framúrskarandi framlag á sviði menntunar á Suðurlandi og veitt fjölmörgum nemendum með sérþarfir kennslu og mikilvæga þjónustu sem er til fyrirmyndar.

GÓÐUR ÁRANGUR NEMENDA FRÁ ÁRBORG



Lokahátíð Stóru upplestrarkeppinnar fór fram í Hveragerði 10. mars sl. Keppnin var jöfn og spennandi og þegar dómarrar höfðu setið á rökstólum varð niðurstaðan á þá leið að Jón Þórarinn Þorsteinsson, nemandi í Vallaskóla, skipaði 1. sætið, í 2. sæti var Ingvaldur Jóna Þorbjörnsdóttir og í því þriðja Emilía Torfadóttir sem báðar eru nemendur Sannulækjarskóla. Fræðslunefnd og skrifstofa fræðslusviðs sendir öllum fulltrúum Árborgar bestu hamingjuóskir.

NÁMSKEIÐ FYRIR BÖRN OG FORELDA

PEERS

Félagsfærinámsskeið byggt á PEERS (www.semel.ucla.edu/peers) er haldið í Sunnulekarskóla nú á vorönn. Á námskeiðinu er meðal annars unnið með jákvæð samskipti við jafnaldra, vinatengsl og hvernig hægt er að takast á við stríðni og höfnun. Tíu nemendum í 6.–10. bekk bauðst að taka þátt. Leiðbeinendur eru Sólveig Norðfjörð, sálfræðingur, og Jóhanna Einarsdóttir, námsráðgjafi, en námskeiðið byggir einnig á samvinnu við foreldra.

KLÓKIR LITLIR KRAKKAR

Sálfræðingarnir Lára Ólafsdóttir og Sólveig Norðfjörð halda nú á vorönn forvarnarnámsskeið fyrir foreldra 3-6 ára barna sem eru í áhættuhópi fyrir að þróa með sér kvíðaraskanir. Námskeiðið miðar að því að fræða foreldra um eðli kvíða og kenna þeim leiðir til að takast á við kvíðahegðun barna sinna og auka sjálfstraust þeirra. Vonast er til að með slíku forvarnarnámsskeiði verði hægt að minnka kvíðahegðun barna og í sumum tilfellum koma í veg fyrir að börn þrói með sér kvíðaröskun seinna meir.

MÉR LIÐUR EINS OG ÉG

HUGSA. Sálfræðingarnir Lára Ólafsdóttir og Íris Böðvarsdóttir hafa nú haldið fyrsta HAM námskeiðið fyrir unglínga í Árborg og gekk það vel. Stefnir er að framhaldi á þessu námskeiðahaldi á næsta skólaári. Allt of mörg börn kljást við alvarlegan vanda, svo sem kvíða og þunglyndi og á námskeiðinu er leitast við að grípa inn í með markvissum aðgerðum með aðferðum hugrænnar atferlismóttunar.

NÁMSKEIÐ UM UPPELDI BARNNA MEÐ ADHD, sem er samvinnuverkefni félagsþjónustu og skólaþjónustu, var haldið í Ráðhúsinu síðastliðið haust. Það er ætlað foreldrum barna sem hafa hamlandi einkenni ofvirkni og/eða athyglisbrests (ADHD). Umsjón: Halla Hinriksdóttir og Sólveig Norðfjörð.

UPPELDI SEM VIRKAR— FÆRNI TIL FRAMTÍÐAR

Námskeiðið var samvinnuverkefni félagsþjónustu og skólaþjónustu og var haldið í Ráðhúsi Árborgar síðastliðið haust. Námskeiðið er hugsað fyrir foreldra barna á aldrinum 0-6 ára, með áherslu á að kenna foreldrum leiðir til að skapa góð uppeldisskilyrði og kenna barninu færni sem líkleg er til að nýtast því til frambúðar. Kennar eru aðferðir til að styrkja hæfni foreldra í að laða fram æskilega hegðun og fyrirbyggja erfiðleika. Sólveig Norðfjörð, sálfræðingur, hafði umsjón með námskeiðinu.

Stefnt er að frekara námskeiðahaldi á næstunni. Námskeiðin eru hugsuð sem hluti af forvörnum í Árborg og áherslum á snemmtæka

ORÐAFORÐI TVÍTYNGDRA BARNNA

Íslenskur orðaforði grunn-skólanema sem eiga annað móðurmál en íslensku skiptir miklu fyrir árangur í lestri og öllu námi.

Í janúar sl. var dr. Sigríður Ólafsdóttir með fyrirlestur í Sunnulekarskóla í boði skólaþjónustu Árborgar. Þar kynnti hún doktorsverkefni sitt sem hún varði haustið 2015. Tilgangurinn var meðal annars að fylgjast með þróun íslensks orðaforða og lesskilnings barna sem hafa íslensku sem annað tungumál. Í erindi hennar

kom margt fram sem eykur skilning kennara og skólastjórna á mikilvægi vinnu með orðaforða meðal tvítyngdra barna og reyndar allra barna.

Nú á vordögum fer af stað verkefni sem snýst um að meta orðaforða tvítyngdra barna af pólskum uppruna hér í Árborg en það er töluvert stór hópur. Það er gert svo hægt sé að grípa inn í með snemmtækri íhlutun ef þörf er á. Yfirumsjón með verkefninu hefur Aneta Figlarska sem lauk nýlega meistaraþrófi frá mennta-

vísindasviði Háskóla Íslands. Verkefnið verður unnið í góðu samstarfi starfsfólks leik- og grunn-skóla, forráðamanna nemenda og starfsfólks skólaþjónustu.



Aneta Figlarska

ÁRBÆR Á DEGI LEIKSKÓLANS

Dagur leikskólans er haldinn hátíðlegur ár hvert þann 6. febrúar. Markmið dagsins er að beina sjónum samfélagsins að leikskólanum og því kraftmikla, metnaðarfulla og góða starfi sem þar fer fram á degi hverjum. 6. febrúar 2012 byrjuðu þau í Árbæ á þeirri skemmtilegu hefð að fara með deildir í

skruðgöngu að Ráðhúsi Árborgar og þar er sungið á tröppunum fyrir vegfarendur. Í ár var breytt út af og Viss, vinnu- og hæfingarstöð, sótt heim. Ferðin var einstaklega vel heppnuð og móttökur góðar í Viss þar sem börnin tóku lagið. Börn og starfsfólk í Árbæ

sem og starfsfólk í Viss voru virkilega ánægð með hvernig til tókst og eru spennt að endurtaka leikinn síðar.



TALMEINAÞJÓNUSTA Í ÁRBORG

Í fæðingarorlofi Álfhildar Þorsteinsdóttur mun Íris Wigelund Pétursdóttir, talmeinafræðingur, starfa með okkur sem verktaki. Lögð er áhersla á að dagar Írisar nýtist sem best í greiningarvinnu og ráðgjöf við foreldra og starfsfólk skóla.

ráðgjöf og þjálfun sem er til staðar í Árborg, m.a. á stofu Hólmfríðar Árnadóttur, talmeinafræðings. Hægt er að kynna sér þjónustu Tröppu á trappa.is



Íris Wigelund Pétursdóttir

Þá er stefnt að því að nýta Tröppu sem er fjarþjálfun í gegnum tölvu. Ef vel gengur verður þessi þjónusta nýtt samhliða annarri talmeina-

SKÓLADAGUR ÁRBORGAR— LÆRDÓMSSAMFÉLAGIÐ

Skóladagur Árborgar verður haldinn á Stokkseyri miðviku-daginn 27. apríl nk. fyrir alla starfsmenn leik- og grunnskóla og skólalþjónustu Árborgar. Mæting er kl. 8.30, setning kl. 9:00 og lýkur formlegri dagskrá kl. 15:30. Boðið verður upp á fjölbreytta fyrirlestra og menntabúðir allan daginn. Léttur hádegisverður verður á staðnum. Nánari dagskrá verður kynnt í skólunum. Eftirtaldir hafa unnið vel að undirbúningi:

Kristín Guðlaug Magnúsdóttir, Júlíana Tyrfingsdóttir, Páll Sveinsson, Eva Hrönn Jónsdóttir, Anna Gína Aagestad, Guðbjartur Ólason, Sigurður Halldór Jessen og Anna Ingadóttir.



Skóladagurinn er liður í því að styrkja áherslur faglegra tengsla milli skólafólks í Árborg þar sem þekking og reynsla í einum skóla nýtist fleirum.

Erasmus+verkefni grunnskólanna á skólaárinu eru einmitt unnin í anda lærdómssamfélagsins. Nú hafa allir hóparnir farið í námsferðir til útlanda og von er á skýrslum og kynningum á vor- og haustmánuðum. Myndin er frá ferð upplýsingatæknihópsins til Danmerkur og Svíþjóðar.



VINNA VIÐ LÆSISSTEFNU ÁRBORGAR GENGUR VEL

Á undanförunum mánuðum hefur hópur kennara og skólastjórnenda úr leik- og grunnskólum Árborgar unnið að læsisstefnu fyrir sveitarfélagið. Þegar þetta er ritað er vinnan langt komin og stefnt að því að læsisstefnan verði afgreidd formlega í fræðslunefnd fyrir lok skólaársins. Grunnur að læsisstefnunni var lagður á

síðasta skólaári en þá var unnið af miklum krafti að þróunarstarfi við læsis- og málþroskaskimanir í leik- og grunnskólum og þróun kennsluúrræða. Í stefnunni er m.a. kveðið á um lágmarksviðmið um les-hraða, lesskilning, orðaforða o.fl. Einnig er sett fram áætlun um reglubundnar mælingar og skimanir. Í

þjóðarsáttmála um læsi, sem gerður var milli Árborgar, menntamálayfirvalda og Heimilis og skóla, er einmitt gert ráð fyrir að sveitarfélagið setji sér markvissa læsisstefnu í samræmi við ákvæði í aðalnámskrá leik- og grunnskóla.



Gengjöld hefur verið frá ráðningu nýs kennsluráðgjafa sem er **Hrunn Harðardóttir**, deildarstjóri stoðþjónustu í Sunnulaekjarskóla. Hún byrjar í ráðgjafastarfinu 1. ágúst nk. Samhliða starfi sínu í Sunnulaekjarskóla mun Hrunn nú á vormánuðum leiða læsisteymi grunnskólanna og fjölmenn-ingarteymið. Við bjóðum Hrunn hjartanlega velkomna til starfa.

Kveiktu-meistarar Vallaskóla

Pau Sunneva, Leó Snær og Benedikt í 10. LV unnu úrslitakeppni spurningakeppni Vallaskóla, *Kveiktu*, sem haldin var í mars sl.



NÝR STYRKUR ÚR SPROTASJÓÐI

Allir leik- og grunnskólar í Árborg og FSu sendu nýlega inn umsókn í Sprotasjóð fyrir verkefnið námsmat á mörkum skólastiga. Nýlega barst svar frá sjóðnum sem ætlar að veita styrk að upphæð kr. 3.100.000 í verkefnið. Markmið þess taka til þriggja þátta í starfi þátttökuskólanna. Þættirnir fléttast saman, styðja hver annan og mynda heild sem ekki verður rofin. Þessir þættir eru: 1) námsmat og tilhögun kennslu með árangur og þroska barna

og ungmenna að leiðarljósi 2) starfsþróun kennara og þróun skólamenningar í átt til lærdómssamfélags (e. Professional learning community) 3) samfella í leið nemenda á milli skólastiga. Yfirmarkmið verkefnisins er að styrkja námsmat á mörkum skólastiga í þátttökuskólunum með það að meginmarkmiði að bæta nám, námsaðstæður og árangur nemenda í víðasta skilningi og auðveldla færslu þeirra (e. transition) milli skólastiga. Til

að svo geti orðið þarf að efla þekkingu og hæfni kennara á sviði námsmats og samspils kennslu, náms og námsmats og stuðla að hæfni skólanna til varanlegra breytinga á þessu sviði. Verkefnastjóri verður Rúnar Sigþórsson, prófessor við Háskólann á Akureyri. Ef vel tekst til getur afrakstur þessa stóra samstarfsverkefnis nýst fleiri skólum og sveitarfélögum.



Fimmtudaginn 17. mars sl. voru veittar viðurkenningar fyrir lestrarátakið „Allir lesa“ í Barnaskólanum á Stokkseyri. Hafdis Sigurjónsdóttir skólabókavörður skólabókasafnsins veitti veglegri bókagjöf viðtöku fyrir hönd skólans af þessu tilefni frá www.allirlesa.is. Nú hafa 18 nýjar bækur bæst við safnið og má með sanni segja að þær hafi komist í góðar hendur. Nemendur á miðstigi sigruðu í flokki liða með 30–50 liðsmenn og lásu keppendur að meðaltali í 1 sólarhring, 11 klukkustundir og 6 mínútur. Yngsta stig Barnaskólans á Eyrarbakka og Stokkseyri var í 4. sæti í sama flokki.

GÓÐUR FYRIRLESTUR UM TÖLVUFÍKN

Þriðjudaginn 5. apríl sl. stóð Samborg fyrir fræðslufundi um tölvuvanda og tölvufíkn barna og unglunga í samstarfi við fræðslusvið. Eyjólfur Örn Jónsson, sálfræðingur, flutti erindi sem vakti mikla athygli rúmlega 100 þátttakenda. Í máli Eyjólfis Arnar kom m.a. fram að ofnotkun á Internetinu er í raun óþarfa vandamál. Rót vandans liggur í samskiptum eða öllu heldur samskiptaleysi. Besta ráðið til að fyrirbyggja vandann, og taka á flestum afbrigðum af honum, er að nálgast barnið/unglinginn á jákvæðan hátt. Fjölskyldan sem spilar saman stendur saman og barnið sem upplifir skilning og væntumþykju er líklegra til að hlusta og taka mark á foreldrum sínum. Ekki vera blind á vandann og leyfa einhverju að grassera heima einungis vegna þess að það virkar framandi, oft þurfa börn og unglingar bara að fá viðurkenningu fyrir hver þau eru og að það sé í lagi þó að það passi ekki í kassann sem samfélagið býður þeim. Eyjólfur Örn setti fram í erindi sínu gagnlegar reglur eða viðmið fyrir heimili:

Takið reglulegar pásur frá tölvunum, klassískt að taka einn dag í viku eða hluta úr degi (t.d. eftir hádegi á sunnudögum). Spilið saman (líka tölvuleiki) og njótið gæðastunda með fjölskyldunni. Ekki setja ábyrgðina á barnið með því að spyrja það að öllu. Stundum á barnið bara að gera ákveðna hluti á heimilinu eða með fjölskyldunni. Internetið er ekki eins og loft eða vatn, við vinnum fyrir því og eðlilegt er að notkun þess fari eftir állíka viðmiðum fyrir börnin. Látið Internetið vera verðlaun fyrir góða hegðun og vel unnin verk, hrósið og sýnið áhuga.



Samstarfsfundur um læsi

Þriðjudaginn 9. febrúar sl. var haldinn fjölmennur samstarfsfundur um læsi í Vallaskóla. Til leiks voru mættir stjórnendur í leikskólum og grunnskólum Árborgar, fulltrúar skólabjónustu og þrjár ráðgjafar úr læsisteymi Menntamálastofnunar. Á meðfylgjandi mynd er hluti hópsins.

Lubbanámsefnið

Í opnu húsi í Jötunheimum, 5. febrúar sl., var margt til sýnis, svo sem Lubbanámsefnið sem nýtist afar vel í málörvunarráttum sem er stór hluti af vinnu leikskólanna með mál og læsi.



STARFSHÓPUR UM FRÍSTUNDAHEIMILI (SKÓLAVISTUN) Í SVEITARFÉLAGINU ÁRBORG

Í janúar 2016 kom út skýrsla starfshóps um frístundaheimili í Árborg. Starfshópurinn skipuðu þau Bragi Bjarnason, Gunnar Eysteinn Sigurbjörnsson, Gissur Jónsson, Guðrún Jóhannsdóttir, Sigrún Sighvatsdóttir og Páll Sveinsson. Starfshópurinn setti sér það markmið að setja upp hverjir væru meginþættir í rekstri frístundaheimila og greina hvernig uppsetning myndi henta í Sveitarfélaginu Árborg. Hópurinn skipti rekstri frístundaheimila í fjóra flokka: rekstrar- og húsnæðismál, íþróttir- og tómstundatenging, starfsmannamál og faglega starfið og skráningarmál, strætóferðir og annað. Í lok skýrslunnar setti hópurinn fram tillögu um áfangaskiptingu nauðsynlegra verkefna og breytinga v/inleiðingar frístundaheimila í Árborg. Sjá nánar í [skýrslu](#).

Á 18. fundi fræðslunefndar sem var haldinn 11. febrúar sl. var skýrslunni fagnað og nefnt að þegar hafi verið stigin skref í samræmi við tillögur skýrsluhöfundna, svo sem sameiginlegur fræðsludagur fyrir starfsfólk sem haldinn var á Stokkseyri fyrir áramót. Nefndin lagði til að starfshópur verði stofnaður sem vinni að undirbúningi þeirra breytinga sem fram undan eru. Á 67. fundi bæjarráðs var svo skipað í nýjan starfshóp og eftirtaldir taka setu í hópnum: Bragi Bjarnason, fulltrúi frístundamála, Halla Hinriksdóttir, v/málefna fatlaðra, Ástrós Rún Sigurðardóttir, fulltrúi skólástjórnenda. Þá var óskað eftir að Samborg, foreldrasamtök í Árborg, skipi einn fulltrúa og UMF Selfoss skipi einn fulltrúa íþróttar- og tómstundafélaga. Fleiri verði svo kallaðir til á einstaka fundi eftir þörfum.

